

---

This is a reproduction of a library book that was digitized by Google as part of an ongoing effort to preserve the information in books and make it universally accessible.

Google™ books

<https://books.google.com>



---

This is a reproduction of a library book that was digitized by Google as part of an ongoing effort to preserve the information in books and make it universally accessible.

Google™ books

<https://books.google.com>





UNIVERSITY OF  
ILLINOIS LIBRARY  
AT URBANA-CHAMPAIGN  
BOOKSTACKS

SEEMANN

The person charging this material is responsible for its return to the library from which it was withdrawn on or before the **Latest Date** stamped below.

**Theft, mutilation, and underlining of books are reasons for disciplinary action and may result in dismissal from the University.**

**To renew call Telephone Center, 333-8400**

**UNIVERSITY OF ILLINOIS LIBRARY AT URBANA-CHAMPAIGN**

FEB 18 1987

APR 08 1987

JUN 08 1992

JUN 06 1994

MAY 10 1994









# HCENSA-ÞÓRIS SAGA.

---

**ÞÓRLEIFR JÓNSSON**  
GAF ÚT.



REYKJAVÍK.  
KOSTNAÐARMAÐUR: SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.  
1911.

**FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN.**

## Formáli.

---

Hænsa-Póris saga var að minsta kosti á ofanverðri 17. öld, öll til á skinni (Vatnshyrna). Hefir þá Ketill prófastr Jörundarson í Hvammi í Hvammssveit (sjá um hann í „Æfi Árna Magnússonar“ framanvið Snorra-Eddu, Kh. 1875, og „Formála“ fyrir Flóamanna-sögu, Rv. 1884) tekið endrit af sögunni eftir þessari skinnbók. Síra Ketill hefir eins og hans var vandi vand- að mjög eftirrit sitt. Síðan hefir þetta pappírshandrit sögunnar komist í eigu dóttursonar síra Ketils, Árna prófessors Magnússonar, svo sem sjá má af hinni fornu „Bókskrá“ (*Catalogus*) Árna, því að þar er þetta handrit tilfært (nr. 554 aα 40). Hefir þá Ásgeir Jónsson, handritari Þormóðar Torfasonar og síðan Árna, tekið *tvö endrit* af því og eru þau enn til. Enn sjálfst handrit síra Ketils hefir glatast; að líkindum brunnið í eldsvoðanum mikla í Höfn 1728.

Af skinnhandriti sögunnar, að líkindum því er nú var getið um, er enn til í safni Árna *tvö blöð*; hitt af skinnbók þessari er glatað. En hvergi finst í skjölum Árna, hvar hann hefir náð í þessi 2 skinnblöð. Þó má til geta, að þau sé einhversstaðar að vestan ættuð; og að líkindum hefir Árni aldrei náð í meira af skinnbókinni, er

síra Ketill reit eftir, heldr en þetta. Tæplega mun og síra Ketill sjálfur hafa átt skinnbókina, er hann reit upp, því að naumast hefði hann tortímt henni eður aldrtila veitt, einsog raun hefir orðið á. Til slíks var síra Ketill Jörundarson ofmikill hirðumaðr.

Hið fyrra skinnblað, er til er, byrjar allra síðast í 4. kap. (á orðunum: . . . „láta svá búit. Ok er nú kyrrt“ o. s. frv.) og nær síðan yfir 5. og 6. kap. og endar fremst í 7. kap. (á orðunum: „býr heiman ferð sína ok Helgi fóstri hans“ . . .) — Síðara blaðið byrjar fremst í 16. kap. (á orðunum: . . . „ðu til þingsins; ferr hann þá í Örnólfsdal“ o. s. frv.) og heldr síðan áfram aftr í miðjan 19. kap. (endar á orðunum: „Þóroddr svarar þatt er þat at þú“ . . .); þar hættir það alveg. — Skinnbókina, er blöð þessi eru úr, telr einhver hinn glöggvasti maðr í þeim efnum, Jón sál. Sigurðsson, vera ritaða skömmu eftir Svartadauða, á fyrri hluta 15. aldar. Fremr er og ritháttur þessara tveggja blaða slæmr og sjálfum sér víða ósamkvæmr.

Á pappír eru til fjölda-mörg handrit af sögu þessari, og eru eflaust best af þeim hin 2 ádrnefndu handrit eftir Ásgeir Jónsson, enn hann hefir vist, einsog þegar var drepð á, ritað þau eftir handriti síra Ketils.

Auk þessara tveggja eru til á bókasöfnum í Kaupmannahöfn *sex pappírshandrit* af sögu þessari og þarðauki eitt brot (*1 blað*) hið sjöunda. Eitt *handrit á pappír* er og til í konungsbókhlóðu í Stokkhólmi. Bókmentafélagið á ein *fjögur pappírshandrit* hennar. Og víðamunu handrit af henni enn þá vera til í eigu söguvina

hér á landi. Sýnir þetta alt, hversu saga þessi hefir verið vinsæl hjá þjóð vorri, þó að hún sé ekki lengri enn þetta. Og hún á þessa vinsæld skilda, því að sagan er bæði mjög skemtileg og sönn í grundvallaratriðum og ærið kjarnyrt, og bendir því á snemmindis uppruna, enda hafa sumir fornfræðingar viljað telja hana fyrst skrásetta á öndverðri 12. öld; enn það er nú líklega heldr tímanlega sett. En þó er sagan gömul.

Saga þessi er ein með hinum merkilegri fyrir það, hvernig hún í stuttu og sönnu og ljósu máli setr fram mannlegt líf, og það hjá heiðingjum. Hún leiðir skýrt í ljós: Guð og andskotann (*Heilög ritning*), eðr: lífið og vöntun gæða (*Njóla*), eðr: hið góða og illa í heiminum (*Rationalistar*).

Öll handrit, er nú eru til af sögunni, eru nauðalik, og getr eigi heitið nema ómerkilegr orðamunr á þeim. Alt bendir því á það, að langalengi hafi aðeins hið eina skinnhandrit, er framan er getið, verið til.

Hænsa-Þóris saga hefir aðeins einusinni áðr út komið fyrir almenningsjónir, og var það að þakka „Fornfræðafélagi Norðrlanda“, er Karl Kristján Rafn kom á fót á öndverðri þessari öld. Hún er prentuð samanvið fleiri (5 aðrar) sögur í dýrri bók: Íslendingasögur, annað bindi; Kh. 1847, gr. 8to, er Jón sál. Sigurðsson bjó undir prentun. Einsog við er að búast, er þessi útgáfa sögunnar eftir Jón sál. einkar vönduð og af allri snild gör að öllum frágangi. — Enn dýrleiki bókar þessarar mun hafa valdið því, að fáir hafa getað keypt hana hér á landi.

## VI

Þessar þýðingar sögunnar veit ég um (báðar á dönsku):  
 1. Sagaer eller Fortællinger om Nordmænds og Islænderes Bedrifter i Oldtiden; overs. af P. A. Munch; Chria, 1845, II: Hönse-Thorers Saga eller Fortælling om Hönse-Thorer. 36 bls. — 2. Billeder af Livet på Island; ved F. Winkel-Horn; Kh. 1871, I. bls. 61—90; Hönsetorers Saga.<sup>1</sup>

Aðferðin við útgáfu þá, er hér kemur fram, hefir verið hin sama og hjá Jóni sál., enda var þar eigi miklu á að bæta. Hin 2 skinnblöð (í A. M. 162. fol.) og hin 2 handrit Ásgeirs (AM. 501. 4to og AM. 157. F. fol.) eru lögð til grundvallar fyrir þessari textútgáfu. Enn svosem vera bar eru lesmátar bættir eftir hinum öðrum handritum, þar er þess þurfti. Rithætti hefir og orðið að breyta frá því, er í handritunum er, samkvæmt því er nú er talið réttast. — Eg hefi og fært mig lengra uppá skaftið enn hingað til hefir gert verið að því leyti, að eg hefi hvergi ritað *zeta*, því að sá bókstafr er með öllu óþarfr í íslenskunni.

Eg hefi og vikið frá útgáfu Jóns og sumum handritunum að því, er skiftingu niðr í kapitula snertir. Þeir

---

1) Af Hænisa-Þóris sögu orktu þeir rimur saman Sveinn lögmaðr Sölvason og séra Jón Þorláksson að Bægisá. Þær eru níu að tölu, og hætti Sveinn lögmaðr í 5. rímu á þessari vísu óbotnaðri:

Laufarunnar lögðust niður,  
 lúnir þiggja ró.

Árla Gunnar bregða (J. P.) biður  
 blundi rekka þó.

V. Á.

## VII

eru 17 hjá Jóni og í allmörgum handritunum; enn eg kunni betr við að hafa söguna í 20 kapitulum; enda er það samkvæmt sumum handritunum.

Þess er og að geta, að eg hefi aftur tekið uppí textann kafla þann, er prentaðr var neðanmáls í fyrri útg. af þeim sökum, að Jón taldi hann ekki heyra sögunni til að upphafi (áleit hann vera *óegta*). Jón hafði mest á móti honum fyrir það, að honum líkir mjög til þess, er stendr í „Íslendingabók Ara prests“ (5. kap.), og er heldr eigi laus við samruglun. Þetta er síðari helmingr 15. kapitula í þessari minni útgáfu (: „Þórðr gellir talaði þá“ — „Nú er setit at málum“ . . .). Kafli þessi stendr í öllum bestu handritunum, er nú eru til og hefir því vafalaust staðið í þeirri einu skinnbók sögunnar, er vér þekkjum. Fann eg því öngva sanna ástæðu til að úbyggja honum eðr útskúfa, hvernig svosem á honum stendr.

Þess skal og að endingu getið, að hinn ágæti vinr vor Íslendinga og mikli vísindamaðr Dr. Konráð Maurer í München á Bajaralandi hefir ritað alllanga ritgjörð um sögu þessa á þýsku máli, er heitir: „*Ueber die Hønsa-Þóris saga*“, München 1871, 60 bls., 4to. Því miðr hefi eg enn eigi séð hana, enn það má svosem auðvitað ganga að því visu, að hún er ágæt eftir slíkan mann.

*Þórleifr Jónsson.*

## Tímatal

i Hænsa-Þóris sögu.

---

912. Útkoma þeira feðga: Ketils blunds og Geirs auðga, föður Blund-Ketils.
920. Fæddr Tungu-Oddr.
951. Fædd Jófriðr Gunnarsdóttir Hlifarsonar.
963. Útkoma Arnar austmanns syðra og Þórvaldar Tungu-Oddssonar nyrðra.
964. Blund-Ketils brenna. Hersteinn Blund-Ketilsson kvænist.
965. Brennendr Blund-Ketils gerðir sekir. Fjórðungsþingin sett. Drepinn Hænsa-Þórir.
966. Jófriðr Gunnarsdóttir gift Þóroddi Tungu-Oddssyni.
970. Þórsteinn Egilsson gengr að eiga Jófriði Gunnarsdóttur.
988. Deyr Tungu-Oddr og er heygðr í Skán-eyjarfjalli.
- 
-





## Hœnsa-Þóris saga.

---

**O**ddr hét maðr Önundarson breiðskeggs, Úlf-  
arssonar, Úlfssonar á Fitjum, Skeggjasonar, Þór-  
issonar hlammanda. Hann bjó á Breiðabólstað  
í Reykjardal í Borgarfirði. Hann átti þá konu,  
er Jörunn hét; hon var vitr kona ok vel látin.  
Þau áttu fjögur börn: sonu tvá vel mannaða  
ok dætr tvær. Annarr son þeira hét Þóroddr,  
enn annarr Þórvaldr. Þuriðr hét dóttir Odds,  
enn önnur Jófriðr. Hann var kallaðr Tungu-  
Oddr. Engi var hann kallaðr jafnaðarmaðr.  
Torfi hét maðr ok var Valbrandsson, Valþjófs-  
sonar, Örlygssonar frá Esjubergi; hann áttí  
Þuriði Tungu-Oddsdóttur; þau bjuggu á öðrum  
Breiðabólstað. Arngrímur hét maðr, Helgason,  
Högnasonar, er út kom með Hrómundi; hann  
bjó í Norðrtungu; hann var kallaðr Arngrímur  
goði. Helgi hét son hans. Blund-Ketill hét maðr,

son Geirs hins auðga ór Geirshlíð, Ketilssonar blunds, er Blundsvatn er við kennt. Hann bjó í Örnólfsdal; þat var nökkuru ofar enn nú stendr þærinn. Var þar mart bæja upp í frá. Hersteinn hét son hans. Blund-Ketill var manna auðgastr ok best at sér í fornum sið; hann átti þrjá tigu leigulanda. Hann var hinn vinsælasti maðr í héraðinu. Þorkell trefill hét maðr; hann var Rauða-Bjarnarson; hann bjó í Svignaskarði fyrir útan Norðrá. Helgi var bróðir Þórkels, er bjó í Hvammi í Norðrárdal. Annarr var Gunnvaldr faðir Þórkels, er átti Helgu, dóttur Þorgeirs á Viðimýri. Þorkell trefill var vitr maðr ok vel vinsæll, stórauðigr at fé. Þórir hét maðr; hann var snauðr at fé ok eigi mjök vinsæll af alþýðu manna. Hann lagði þat í vanda sinn, at hann fór með sumarkaup sitt héraða í milli, ok seldi þat í öðru, er hann keypti í öðru, ok græddist honum brátt fé af kaupum sínum. Ok eitt sinn, er Þórir fór sunnan um heiði, hafði hann með sér hœns í för norðr um land, ok seldi þau með öðrum kaupskap, ok því var hann kallaðr Hœnsa-Þórir. Nú græðir Þórir svá mikit, at hann kaupir sér land, er at Vatni heitir upp frá Norðrtungu; ok fá vetr hafði hann búit áðr hann gerðist svá mikill auðmaðr, at hann átti undir vel hverjum manni stórfé. Enn þó at honum græddist fé mikit, þá heldust þó óvinsældir hans, þvíat

varla var til óþokkasælli maðr enn Hænsa-Þórir var.

2. Einn dag gærir Þórir heiman ferð sína ok riðr í Norðrtungu ok hitti Arngrím goða ok bauð honum barnfóstr: „vil ek taka við Helga syni þínum ok geyma sem ek kann; enn ek vil hafa vináttu þína í mót ok fylgi, til þess at ek nái réttu af mönnum“. Arngrím svarar: „svá list mér, sem litill höfuðburðr muni mér at þessu barnfóstri“. Þórir svarar: „ek vil gefa sveininum hálf t fé mitt, heldr enn ek nái eigi barnfóstrinu; enn þú skalt rétta hluta minn ok vera skyldr til, við hvern sem ek á um“. Arngrím svarar: „þat ætla ek mála sannast, at neita eigi því, er svá vel er boðit“. Fór þá Helgi heim með Þóri, ok heitir þar nú síðan bærinn at Helgavatni. Arngrím veitti Þóri umsjá, ok þykkir þegar ódælla við hann, ok nair hann nú réttu máli af hverjum manni. Græðist honum nú stórmikit fé ok gærist hinn mesti auðmaðr. Helst honum enn óvinsældin.

3. Þat var eitt sumar, at skip kom af hafi í Borgarfjörð, ok lögðu þeir eigi inn í ósinn, enn lögðu útarliga á höfnina. Örn hét stýrimaðr; hann var vinsæll maðr ok hinn besti kaupdrengr. Oddr frétti skipkomuna; hann var vanr í fyrra lagi í kaupstefnur at koma ok leggja lag á varning manna, þvíat hann hafði héraðsstjórn. Þótti engum dælt fyrr at kaupa

enn vissi, hvat hann vildi at göra. Nú hittir hann kaupmenn, ok fréttir eftir, hversu þeir ætla sína ferð, eðr hve skjótar sölur þeir vildu hafa, ok sagði þann vanda, at hann legði lag á varning manna. Örn svarar: „sjálfir ætlum vér at ráða vorri eigu fyrir þér, þviat þú átt öngan pening með vorum varnaði, ok muntu ráða at sinni eigi meira enn þú mælir“. Oddr svarar: „þat grunar mik, at þat gegni þér verr enn mér, ok svá skal ok vera. Er þvi at lýsa, at vér bönnum öllum mönnum kaup við yðr at eiga ok svá flutningar allar, svá at ek skal fé af þeim taka, sem yðr veita nökkura björg; enn ek veit, at þér flytist eigi ór höfninni fyrir misgöngin“. Örn svarar: „ráða máttu ummælum þinum, enn eigi látum vér kúgast at heldr“. Oddr riðr nú heim, enn Austmenn liggja þar í höfninni, ok gefr þeim eigi í brottu.

4. Annan dag eftir reið Hersteinn Blund-Ketilsson út á Nes. Hann fann Austmenn, er hann reið útan; kannaðist hann við stýrimann, ok varð vel at skapi. Örn sagði Hersteini, hversu mikinn ójafnað Oddr bauð þeim, „ok þykkjumst vér eigi vita, hversu vér skulum með fara voru máli“. Þeir talast við um daginn ok at kveldi riðr Hersteinn heim, ok segir föður sínum frá farmönnum ok hvar nú er komit þeira máli. Blund-Ketill svarar: „við kennumst ek mann þenna at þinni frásögn, at þvi at ek var

með föður hans, þá er ek var barn, ok hefir ek eigi nýtra dreng fundit enn hans föður, ok er þat illa, at hans kosti er þröngt, ok þat mundi faðir hans ætla, at ek mundi nökkut líta á hans mál, ef hann þyrfti þess við, ok nú á morgin snemma skaltu riða út í Höfn, ok bjóða honum hingat með svá marga menn sem hann vill; enn ef hann vill annat heldr, þá skal flytja hann hvert er hann vill, suðr eða norðr, ok skal ek leggja á allan hug, sem ek hefir föng á, honum við at hjálpa. Hersteinn kvað þat gott ráð ok drengilegt, enn þó er meiri ván, at þar fyrir hafim vér óvingan annarra“. Blund-Ketill svarar: „þar sem vér berum eigi verra mál til enn Oddr, þá kann vera at oss falli þat létt“. Nú liðr nóttin; enn þegar um morgininn snemma lætr Blund-Ketill safna hrossum ór haga, ok er þá búin ferðin, ok rekr Hersteinn hundrað hrossa í móti kaupmönnum, ok þurfti einkis á bú at biðja. Hann kemr út þangat, ok sagði Erni tillag föður síns. Örn kvaðst gjarna þenna kost þiggja vilja, enn kvaðst þó hyggja at þeir feðgar mundi fá óvináttu annarra manna fyrir þetta. Hersteinn kvað þá eigi verða farit at því. Örn mælti: „þá skulu hásetar minir flytja sik í önnur héruð, ok er þó ærit í ábyrgð. þóat vér sém eigi allir í einu héraði“. Hersteinn flytr nú Örn heim með sér ok varning hans, ok skilst eigi fyrr við enn allir kaupmenn eru í burtu,

ok búit um skip ok öllu til skila komit. Blund-Ketill tekr æfar-vel við Erni; sat hann þar í góðum fagnaði; komu nú tíðindi þessi fyrir Odd, hvat Blund-Ketill hefir ráðs tekit; ok tala menn nú um, at hann hafi sýnt sik í mótgangi við hann. Oddr svarar: „kalla má þat svá, enn þar er sá maðr, er bæði er vinsæll ok kappsamr, ok vil ek enn vera láta svá búit“. Ok er nú kyrrt.

5. Sumar þetta var lítill grasvöxtr, ok eigi góðr fyrir því, at litt þornaði, ok varð alllítill heybjörg manna. Blund-Ketill fór um haustit til landseta sinna, ok segir, at hann vill hey-leigur hafa af öllum löndum sínum: „eigum vér margt fé at fóðra, enn hey fást lítil; ek vil ok ráða fyrir, hversu miklu slátrað er í haust á hverju búi allra minna landseta, ok mun þá vel hlýða“. Nú líðr sumar af hendi ok kemr vetr, ok er snemma nauðamikill norðr um Hliðina, en viðrbúningr lítill; fellr mönnum þungt. Ferr svá fram um jól; ok er Þorri kemr, þá ekr hart at mönnum, ok eru margir þá uppteftir. Ok at kveldi eins dags kemr landseti Blund-Ketils, ok segir sik vera í heyproti, ok krefr órlausna. Bóndi svarar: „hverju gegnir þat? ek þóttumst svá til ætla á hausti at ek hugða at vel mundi hlýða“. Sjá svarar: at færra var slátrat enn hann sagði fyrir. Blund-Ketill mælti: „vit skulum eiga kaup saman; ek mun leysa

þik ór vandræði þessu um sinn, enn þú seg þetta engum manni, þvíat ek vil eigi venja menn upp á mik, allrahelst síðan þér hafit þó eigi haft mín tillög“. Sá fór heim ok sagði sínum vin, at Blund-Ketill sé afbragð annarra manna í öllum viðskiftum, ok kvað hann sik ór vandræði leyst hafa; enn sá sagði sínum vin, ok verður þat svá vist um alt héraðit. Liðr-stund ok kemr Góí; þá koma tveir landsetar hans ok segja sik heyþrota. Blund-Ketill svarar: „illa hafit þér gert, at þér hafit af brugðit mínum ráðum, þvíat þat er þann veg, þóat vér hafim hey mikil, þá höfum vér ok fé því fleira; nú ef ek miðla yðr, þá hefi ek ekki til míns fjár; er nú hér um at kjósa“. Þeir ala á málit ok tjá vesöld sína, enn honum þótti hörmulegt at heyra á þeira veinan, ok lét reka heim fjóra tigu hrossa ok hundrað, ok lét drepa fjóra tigu hrossa, þau er verst váru, enn gaf landsetum sínum þat fóðr, sem hrossunum var ætlat áðr; fara þeir heim fegnir. Vetrinn gørist því verri sem meir leið á, ok verður ørkola fyrir mörgum.

6. Nú kemr einmánuðr, ok koma tveir landsetar Blund-Ketils. Þeir áttu hótí helst sér nökk-ura kosti í fémunum, enn þó váru þeir nú í heyþroti ok biðja hann órlausna. Hann svarar þá, ok kveðst eigi til hafa, enda lést hann eigi vilja drepa fleira fé. Þeir fréttu, ef hann viti

nökkura þá menn, er hey hefði til sölu. Hann kveðst eigi víst vita. Þeir sækja fast eftir ok segja nú, at fé þeira muni deyja, ef þeir fá enga hjálp af honum. Hann sagði þat af sjálfs dáð-um orðit hafa; „enn sagt er mér, at Hænsa-Þórir muni hafa hey til sölu“. Þeir svara: „Af þonum munu vér ekki fá, nema þú farir með oss, ok mun hann þá þegar selja, ef þú gengr í vörslu fyrir oss um kaupin“. Hann svarar: „Þat má ek göra, at fara með yðr; enn þat er sannlegt, at þeir seli, er til hafa“. Þeir fara snemma um morgininn, ok var á norðan strykr sá ok heldr kaldr. Þórir bóndi var úti staddr í þat mund, sér mennina fara at garði, gengr inn síðan ok rekr aftr hurð ok lætr fyrir loku; ferr til dagverðar. Nú er drepit á dyr. Sveinninn Helgi tekr til orða: „Gakktu út, fóstri, þvíat menn munu vilja hitta þik“. Þórir kveðst mundu matast fyrst, enn sveinninn hleypr undan borðum, ok gengr til hurðar, ok heilsar þeim vel, er komnir váru. Blund-Ketill spurði, hvárt Þórir væri inni. Hann sagði at svá var. „Bið þú hann útgöngu“, sagði hann. Sveinninn gærði svá, ok sagði, at Blund-Ketill var kominn úti, ok vildi hitta hann. Þórir svaraði: „Af hverju mun Blund-Ketill draga nasirnar; kynligt, ef hann ferr at góðu; ekki eyrindi á ek við hann“. Sveinninn ferr ok sagði, at Þórir vildi eigi út ganga. „Já“, sagði Blund-Ketill,



„Þá skulum vér inn ganga“. Þeir ganga til stofu, ok er þeim heilsat, enn Þórir þagði. „Svá er við vaxit“, segir Blund-Ketill, „at vér viljum kaupa hey at þér, Þórir“. Þórir svarar: „eigi er mér þitt fé betra enn mitt“. Blund-Ketill mælti: „ýmist veitir þat“. Þórir svarar: „hví ertu í heyproti, auðigr maðr?“ Blund-Ketill segir: „eigi er ek greiðliga í heyproti, ok fala ek fyrir landseta mína, er þurfa þykkjast órlausna; vilda ek gjarna fá þeim, ef til væri“. „Þat muntu eiga allra heimilast at veita öðrum þitt enn eigi mitt“, sagði Þórir. Blund-Ketill svarar: „eigi skulum vér gjafar at biðja; lát Odd ok Arngrím göra verð fyrir þína hönd, enn þar á ofan vil ek gefa þér gjafir“. Þórir kveðst eigi hey til hafa at selja, „enda vil ek eigi selja“. Þá gengr Blund-Ketill út ok þeir félagar ok sveinninn með þeim. Þá tekr Blund-Ketill til orða: „hvárt er heldr, at fóstri þinn hefir engin hey til sölu, eðr vill hann eigi selja?“ Sveinninn svarar: „hefir hann víst, ef hann vill“. Blund-Ketill mælti: „fylgdu oss þangat til sem heyin eru“. Hann gørir svá. Nú gørir Blund-Ketill fóðr til fjár Þóris, ok hugðist svá at, þó at algæfta væri til alþingis, at þó mundu af ganga fimm stakkar; ok eftir þetta ganga þeir inn. Blund-Ketill mælti: „svá hyggst mér at, Þórir, um heykost þinn, at góðr fengr mun af ganga, þóat fé þínu öllu sé inni gefit til al-

þingis, ok vil ek þat kaupa“. Þórir svarar: „hvat skal ek þá hafa annan vetr, ef þá er slíkr vetr eðr verri?“ Blund-Ketill svarar: „göra mun ek þér þann kost, at fá þér jafnmikinn kost í heyjum í sumar, ok þó at engu verri, ok fœra í garða þína.“ Þórir svarar: „ef þér hafit nú yðr eigi heybjörg, hvat munu þér þá heldr hafa í sumar; enn veit ek, at sá er rikismunr okkarr, at þú munt taka mega hey fyrir mér, ef þú vill“. Blund-Ketill svarar: „eigi er þann veg upp at taka; þat veistu, at silfr gengr í allar skuldir hér á landi, ok gef ek þér þat við“. Þórir svarar: „eigi vil ek silfr þitt.“ „Þá tak þú þvilika vöru, sem þeir göra til handa þér, Oddr ok Arngrímr“. „Fátt er hér verkmanna“, segir Þórir, „enn ek nenni litt ferðum, ok vil ek eigi vasast í slíku“. Blund-Ketill svarar: „þá skal ek láta fœra þér heim.“ Þórir mælti: „eigi hefi ek húsakost til þess, at örvænt sé at eigi spillist“. Blund-Ketill svarar: „ek skal fá til húðir, ok búa um svá at vel sé“. Þórir svarar: „eigi vil ek spark annarra manna í hús-um mínum“. Blund-Ketill svarar: „þá skal vera hjá oss í vetr, ok mun ek varðveita.“ „Veit ek gjálgrun þína“, segir Þórir, „ok vil ek engu við þik kaupa“. Blund-Ketill mælti: „þá mun fara verr, ok munum vér alt at einu hafa heyit, þóat þú bannir, enn leggja verð í staðinn, ok njóta þess at vér erum fleiri.“ Þá þagnar

Þórir ok gørir eigi gott í skapi. Blund-Ketill lætr taka reip ok binda heyit. Eftir þat hefja þeir upp klyfjar ok bera í burt heyit; enn ætla vel til alls fjár.

7. Nú skal segja, hvat Þórir hefst at; hann býr heiman ferð sína ok Helgi fóstri hans með honum. Þeir riða í Norðrtungu, ok var þar tekit við þeim afarvel. Spurði Arngrímr tíð-enda. Þórir svarar: „ekki hefir ek nú nýligra spurt enn ránit“. „Hvat var ránit?“ sagði Arngrímr. Þórir svarar: „Blund-Ketill hefir rænt mik öllum heyjum svá at eigi ætlag for-  
kost eftir nautum í köldu veðri“. „Er svá, Helgi?“, segir Arngrímr. „Engu gegnir þat“, segir Helgi, „fór Blund-Ketill vel með sinu máli“; sagði Helgi þá, hversu farit hafði með þeim. Þá sagði Arngrímr: „Þat var líkara; betr er þat hey komit, at hann hefir, enn hitt, er fúnar fyrir þér.“ Þórir svarar: „illu heilli bauð ek þér barnfóstr; skal oss aldri þat illbyli gørt, at oss sé hér tilgangr at heldr, ok at várr hlutr sé rétt, ok eru slíkt firn mikil“. Arngrímr svarar: „þat var þegar ófyrirsynju, þvía*t* ek ætla þar vondum manni at duga sem þú ert“. Þórir svarar: „eigi er ek orðsjúkr maðr, enn illa uni ek, at þú launar svá mína gørd, eðr þat þóat menn ræna mik, þvía*t* eigi er þetta síðr frá þér tekit“. Ok skildust við svá búit. Rúðr Þórir á burt ok kom á Breiðabólsstað, ok

heilsar Oddr honum vel ok spyrr tíðinda. „Ekki hefir ek nýligra frétt enn ránit“. „Hvat ráni var þat?“ sagði Oddr. Þórir svarar: „Blund-Ketill tók hey mín öll, svá at ek er nú með öllu óbirgr; vilda ek gjarna hafa þína ásjá; enn þetta mál kemr ok til þín, þar sem þú ert forráðsmaðr héraðsins, at rétta þat sem rangt er gørt, ok máttu þat á minnast, at hann gørðist þinn fjandmaðr“. Oddr spurði: „er svá, Helgi?“ Hann sagði, at Þórir affærði stórmjök; greinir nú allt, hversu fór. Oddr svarar: „eigi vil ek mér af skifta; munda ek svá hafa gørt, ef ek þyrfta“. Þórir svarar: „satt er þat, er mælt er, at 'spyrja er best til váligra þegna', ok 'án er ilt um gengi, nema heiman hafi'“. Riðr Þórir í burt við svá búit, ok Helgi með honum, ok ferr heim ok unir illa við.

8. Þórvaldr sonr Tungu-Odds hafði út komit um sumarit fyrir norðan land, ok þar vistaðist hann um vetrinn. Hann fór norðan, er leið at sumri á fund föður síns, ok gisti um nótt í Norðrtungu í góðum beina. Sá maðr var þar fyrir á gistingu, er Viðfari hét; hann var reikunarmaðr: hljóp hann á milli landshorna; hann var frændi Þóris náinn ok áþekkr honum í skapsmunum. Þetta sama kveld tekr Viðfari fót sín ok stökk á burt, ok léttir eigi fyrr enn hann kemr til Þóris. Hann tekr við honum báðum höndum. „Veit ek ok, at nökkut gott mun

mér leiða af þinni kvomu“. Hann svarar: „gørast mætti þat, þviat nú er Þórvaldr Oddsson kominn í Norðrtungu ok er þar nú á gistingu“. Þórir svarar: „þat vissa ek at sjá, at mér mundi nökkut gott at höndum koma, þviat mér varð allgott við, er ek sá þik“. Nú liðr nóttin af hendi, ok þegar um morguninn riðr Þórir ok þeir fóstrar í Norðrtungu, er þar fjöldi manna kominn, ok var sveininum gefit seturúm, enn Þórir reikar á gólfinu. Þat getr Þórvaldr at líta, er hann sitr á pallinum ok þeir Arngrímr, ok töluðu sín á milli. „Hverr er sá maðr, er reikar um gólfrit?“ segir Þórvaldr. Arngrímr svarar: „hann er barnfóstri minn“. „Já“, segir Þórvaldr, „hvi skal honum eigi rúm gefast?“ Arngrímr kvað hann eigi varða. „Eigi skal svá vera“, sagði Þórvaldr, ok lætr kalla hann til sín, ok gefr honum rúm at sitja hjá sér; spyrjast síðan almæltra tíðinda. Þórir segir: „raun var þetta, er Blund-Ketill rænti mik“. Þórvaldr spurði: „er sætst á?“. „Fjarri ferr um þat“, segir Þórir. „Hvi gegnir þat, Arngrímr“, sagði Þórvaldr, „at þér höfðingjar látit þá skömm fram fara?“ Arngrímr svarar: „lýgr hann mestan hlut frá, ok er alltitit til haft“. „Var þat þó satt, at hann hafði heyit?“, segir Þórvaldr. „Hafði hann vist“, segir Arngrímr. „Bærr er hverr at ráða sínu“, sagði Þórvaldr, „ok kemr honum fyrir litit vinfengi við þik, ef

hann skal þó undir fótum troðinn“. Þórir mælti: „allvel list mér á þik, Þórvaldr, ok svá segir mér hugr um, at þú munir nökkut leiðrétta mitt mál“. Þórvaldr mælti: „ek hefir litit traust undir mér“. Þórir mælti: „ek vil gefa þér fé mitt hálf til þess at þú réttir málit, ok hafir annathvort sektir eður sjálfðœmi, sváat óvinir mínir siti eigi yfir mínu“. Arngrímr mælti: „gør eigi þetta, Þórvaldr, þviat eigi er góðum dreng at duga, þar sem hann er; enn þú átt við þann um, er bæði er vitr ok vel at sér ok at öllu vinsæll“. „Sé ek“, segir Þórvaldr, „at þér leikr öfund á, ef ek tek við fé hans, ok anntu mér þess eigi“. Þórir mælti: „svá er at at hyggja, Þórvaldr, at fé mitt mun reynast frítt, ok aðrir menn vitu, at mér er eigi fé goldit viðá fyrir mitt eigin“. Arngrímr mælti: „letja vil ek þik enn, Þórvaldr, at þú takir við máli þessu, enn þú munt göra sem þér líkar; uggir mik, at mikit hljótist af“. Þórvaldr svarar: „eigi mun ek neita fjárviðtökunni“. Nú handsalar Þórir honum fé sitt hálf, ok þar með málit á hendr Blund-Katli. Arngrímr mælti þá enn: „hversu ællar þú með at fara máli þessu?“ Þórvaldr svarar: „ek mun fara fyrst á fund föður míns, ok hyggja þaðan at ráðum“. Þórir mælti: „eigi hugnar mér þat; vil ek eigi hinkr; hefir ek mikit til unnit, ok vil ek þegar á morgin láta fara ok stefna Blund-Katli“. Þórvaldr

svarar: „Þetta mun vera reyndar, at þú munt vera engi gæfumaðr, ok illt mun af þér hljótast; enn svá mun nú vera verða“. Ok binda þeir Þórir at hittast á ákveðnum stað um morgininn.

9. Þegar snemma um morgininn riðr Þórvaldr ok Arngrímr með honum með þrjá tigu manna; hitta þeir Þóri, ok var hann við þriðja mann; þar var Helgi Arngrímsson ok Víðfari frændi Þóris. Þórvaldr mælti: „hví ertu svá fámennr, Þórir?“ Hann svarar: „ek vissa, at þik mundi eigi lið skorta“. Þeir riða nú upp eftir hliðinni. Mannferðin var sén af bæjunum ok hleypir hverr af sínum bæ; þykkist sá best hafa, er fyrst kemr til Blund-Ketils, ok er þar margt manna fyrir. Þeir Þórvaldr riða at garði, ok stiga þar af hestum sínum ok ganga heim at bænum. Þegar Blund-Ketill sér þetta, gengr hann móti þeim ok býðr þeim þar at þiggja allan greiða. Þórvaldr mælti: „annat er erindi hingat enn eta mat; ek vil vita, hverju þú vilt svara fyrir mál þat, er þú tókt upp hey Þóris“. Blund-Ketill svarar: „sliku þér sem honum; gør einn fyrir svá mikit sem þér líkar, ok þó skal ek gefa þér gjafir ofan á, því betri ok meiri sem þú ert meira verðr enn Þórir, ok svá mikinn skal ek þinn sóma gøra, at þat sé allra manna mál, at þú sér vel sæmdir af“. Þórvaldr þagnar, ok þótti vel boðit. Þórir svarar þá:

„eigi er þetta at þiggja, ok þarf eigi at hugsæ um þat; löngu átta ek þenna kost, ok kalla ek mér lið eigi veitt, þó at slikt sé, ok til lítills kom mér at gefa þér fé mitt“. Þá mælti Þórvaldr: „hvat viltu þá gæra fyrir lögmálsstaðinn?“ Blund-Ketill mælti: „eigi annat enn þú gærir ok einn skapir slikt er þú vilt“. Þá svarar Þórvaldr: „svá list mér sem engi sé annarr á gærr enn at stefna“. Hann stefnir þá Blund-Katli um rán ok nefnir sér váttu, ok hefir þau orð ok umkvæði sem hann fekk frekust haft. Nú snýr Blund-Ketill heim at húsum, ok mætir austmanninum Erni, er hann gekk at varnaði sínum. Örn spurði: „ertu sárr, bóndi, er þú ert svá rauðr sem blóð?“ Hann svarar: „eigi em ek sárr, enn eigi er þetta betra; þau orð eru töluð við mik, sem aldri hafa áðr töluð verit, ek er kallaðr þjófr ok ránsmaðr“. Örn tekr boga sinn ok lætr koma ör á streng, ok kemr þá út i því þeir stigu á bak. Hann skaut ok varð maðr fyrir, ok lætr sigast niðr af hestinum, ok var þat Helgi, son Arngríms goða. Þeir klaufa at honum. Þórir otar sér fram milli manna, ok hratt mönnum frá sér ok biðr gefa sér rúm; þvíat mér mun mest umhugat“. Hann laut at Helga niðr, ok var hann þá dauðr. Þórir mælti: „er litill mátrinn, fóstri minn?“ Þórir réttist þá frá honum, ok mælti: „talaði sveinninn við mik; sagði hann tysvar hit sama, þetta



hérna: „brenni, brenni Blund-Ketill inni“. Arngrímr svarar þá: „nú fór sem mik varði, at oft hlýtr illt af illum, ok grunaði mik, at mik it illt mundi af þér hljótast, Þórir, ok eigi veit ek, hvat sveinninn hefir sagt, þóat þú fleiprir eitthvert; enn þó er eigi ólíklegt, at slíkt verði gørt; hófst þetta mál illa; kann ok vera at svá lúkest“. Þórir svarar: „eiga þykki mér þú nökkut nauðsynliga enn ávita mik“. Þeir Arngrímr riða nú burt undir skógarnef eitt, ok stíga þar af hestum, ok eru nú þar til þess at náttar. Enn Blund-Ketill þakkar mönnum vel sitt liðsinni ok bað hvern mann riða heimleiðis sem best gegndi.

10. Svá er sagt, at þegar er náttáði, riða þeir Þórvaldr at bænum í Órnólfsdal; váru þar þá allir menn í svefni. Þeir draga viðarköst at bænum ok slá í eldi. Vakna þeir Blund-Ketill eigi fyrr enn húsin loguðu yfir þeim. Blund-Ketill spurði, hverir þar kveikti svá heitan eld. Þórir sagði, hverir váru. Blund-Ketill frétti, ef nökkut skyldi ná sáttum. Þórir sagði, at engi er kostr annarr enn brenna. Þeir skiljast nú eigi fyrr við, enn hvert mannsbarn er þar inni brunnit. Hersteinn son Blund-Ketils hafði farit um kveldit til fóstra síns, er Þórbjörn hét ok var kallaðr stígandi. Þat er mælt, at Þórbjörn væri eigi allr jafnan, þar sem hann var sénn. Hersteinn vaknar um morgininn,

ok spurði, hvárt fóstri hans veki. Hann kveðst vaka; „eðr hvat viltu?“ „Mik dreymdi, at mér þótti“, segir Hersteinn, „sem faðir minn gengi hér inn, ok loguðu um hann klæðin öll, ok allr þótti mér sem hann væri eldr einn“. Þeir standa upp ok ganga út, ok sjá skjótt logann. Þeir taka vápn sín, ok fara hvatliga, ok váru þá allir menn á burtu, er þeir komu þar. Hersteinn mælti: „hér eru vorðin hörmulig tíðindi, eðr hvat er nú til ráða?“ Þórbjörn svarar: „nú skal neyta þess boðs, er Tungu-Oddr hefir oft mælt, at ek skylda til hans koma, ef ek þyrfta nokkurs við“. Hersteinn svarar: „eigi þykki mér þat vænligt“. Enn þó fara þeir ok koma á Breiðabólsstað ok kalla út Odd. Hann gengr út ok tekr við þeim vel, ok spurði tíðinda. Þeir sögðu slik sem vorðin váru. Hann lætr illa yfir. Þórbjörn karl tekr þá til orða: „á þá leið er, Oddr bóndi“, sagði hann, „at þú hefir heitit mér ásjá þinni, ok vil ek nú til þess taka, at þú leggir til nokkur góð ráð ok komir til“. Oddr kvaðst svá gera mundu. Riða þeir nú í Örnólfsdal ok koma þar fyrir dag; váru þá fallin húsin ok fólkskaðr mjök eldrinn. Nú riðr Oddr at húsi einu, því er eigi var allt brunnit; hann seilist til birkirafis eins ok kippir burt ór húsinu; riðr síðan andsælis um húsin með loganda brandinn, ok mælti: „hér nem ek mér land, fyrir því at hér sé ek nú eigi bygðan

bólstað; heyri þat vátta, þeir er hjá eru“. Hann keyrir síðan hestinn ok riðr í burt. Hersteinn mælti: „hvat er nú til ráða? eigi reyndist þessi vel“. Þórbjörn mælti; „þegi þú, ef þú mátt, hvat sem í gørist“. Hersteinn svarar, ok kvaðst þat eina talat hafa, er eigi var við of. Útibúr var óbrunnit, þar sem varningr austmanns var inni ok mikit fé annat. Í þessu hverfr Þórbjörn karl. Nú litr Hersteinn heim til bæjarins, ok sér útibúrit opit ok út borit féit, enn øngan sér hann manninn. Þar eru bundnar klyfjar; þar næst heyrir hann hark mikit í túnit; sér nú at heim eru rekin hross öll, þau er faðir hans hafði átt, sauðir ok naut ór fjósi ok allt ganganda fé; síðan eru klyfjar upp hafðar, ok því næst öllu á ferð snúit, ok allt fé mætt á burt fœrt. Hersteinn vikr nú eftir, ok sér at Þórbjörn karl rekr féit. Þeir snúa leið sinni ofan eftir héraði í Stafholtstungur, ok svá út yfir Norðrá.

11. Sauðamaðr Þórkels trefils ór Svignaskarði gekk þenna morgin at fé sínu: hann sér hvar þeir fara ok reka allskyns fénað. Hann segir þetta Þórkeli; enn hann svarar: „veit ek hverju gegna muni; þat munu vera Þverhliðingar vinir mínir; þeir hafa vetrarnauð mikla ok munu þeir reka hingat fé sitt; skal þeim þat heimilt; ek hefi hey ærin; eru hér ok nógar jarðir úti fé“. Hann gekk út, er þeir komu í tún, ok

fagnar þeim ok býðr allan greiða slíkan sem þeir vilja þegit hafa. Varla náðu þeir at stiga af baki; svá var bóndi beinn við þá. Þórbjörn mælti: „mikit er nú um beina þinn, ok væri mikit undir, at þú efndir þetta allt vel, er þú hefir heitit okkr“. „Veit ek erindi þitt“, segir Þórkell, „at féit mun hér skulu eftir vera, ok skortir hér eigi jörð nóga ok góða“. Þórbjörn mælti: „þiggja munu vit þat“. Þá víkr hann Þórkeli hjá húsunum ok mælti: „tiðindi mikil eru at segja“. Þórkell spurði, hver þau væri. „Blund-Ketill bóndi var brendr inni í nótt“, sagði Þórbjörn. „Hverir gørðu þat niðingsverk?“ sagði Þórkell. Þórbjörn sagði þá allt sem farit hafði; „ok þarf Hersteinn nú þinna heillaráða“. Þórkell mælti: „eigi þœtti mér ráðit, hvárt ek munda svá skjótt á boð brugðist hafa, ef ek hefða þetta vitat fyrr; enn mínum ráðum vil ek nú láta fram fara, ok förum nú til matar fyrst“. Þeir játtuðu því. Þórkell trefill var þá mjök fámáligr ok nökkut hugsu, ok er þeir váru mettir, lætr hann taka hesta þeira. Síðan taka þeir vápn sín ok stiga á bak. Riðr Þórkell fyrir þann dag, ok mælti áðr, at vel skyldi geyma fjárinu í haganum, enn gefa vel því, sem inui var. Þeir riða nú út á Skógarströnd á Gunnarsstaði; þat er innarlíga á Ströndinni. Þar bjó sá maðr, er Gunnarr hét ok var Hlífason, mikill maðr ok sterkr ok hinn mesti

garpr. Hann átti systur Þórðar gellis, er Helga hét. Gunnarr átti tvær døtr; hét önnur Jófriðr, enn önnur Þuriðr. Þeir koma þar síð dags ok stíga af baki fyrir ofan hús; vindr var á norðan ok heldr kalt. Þórkell gengr at durum ok klappar, enn húskarl gengr til hurðar, ok heilsar vel þeim sem kominn var, ok spyr hverr hann væri. Þórkell kvað hann eigi vita mundu at gørr, þóat hann segði honum; ok bið Gunnar út ganga“. Hann kvað Gunnar kominn í rekkju. Hann biðr hann segja, at maðr vill hitta hann. Húskarl gørir svo, gengr inn ok segir Gunnari, at maðr vill hitta hann. Gunnarr spurði, hverr hann væri. Húskarl kvaðst þat eigi vita, „enn mikill er hann vexti“. Gunnarr mælti: „far þú ok seg honum, at hann sé hér i nátt“. Húskarl ferr ok gørir sem Gunnarr bauð, enn Þórkell kvaðst eigi vilja þiggja boð af þrælum, heldr at bónda sjálfum. Húskarl segir, at þat væri sannligra: „enn eigi hefir Gunnarr vana til þess at standa upp um nætr. Gerðu annathvært“, sagði húskarl, „at þú far á burt eðr gakk inn ok ver hér i nátt“. „Gerðu annathvært“, segir Þórkell, „at þú rek erindi duganda, eðr ek rek sverðshjöltin á nasir þér“. Húskarl hleypr inn, ok rekr aftr hurðina. Gunnarr spurði, hví hann fœri svá óðliga. Hann sagðist eigi vildu tala fleira við hinn komna mann; „þvíat hann er mjök hastorðr“. Gunn-

arr reis þá upp ok gekk út í túnit, hann var í skyrту ok línbrókum, möttul yfir sér ok svarta skó á fótum, sverð í hendi. Hann fagnar vel Þórkeli ok biðr hann inn ganga. Hann segir, at þeir váru fleiri saman. Gunnarr gengr út í túnit, enn Þórkell þrífir í hurðarhringinn ok rekr aftr hurðina. Þeir ganga þá á bak húsunum. Gunnarr heilsar þeim. Þórkell sagði: „setjumst vèr niðr, þviat vér eigum margt at tala við þik, Gunnarr“. Þeir gøra svá; setjast niðr á tvær hendr honum, ok svá nær, at þeir sátu á skikkjunni, er Gunnarr hafði yfir sér. Þórkell mælti þá: „svá er háttat, Gunnarr bóndi, at hér er sá maðr í ferð með mér, er Hersteinn heitir, son Blund-Ketils; er eigi þvi erindi at leyna, at hann vill biðja dóttur þinnar Þuriðar; hefi ek ok fyrir þessa sök með honum farit, at ek vilda eigi at þú vísaðir manningnum frá, þviat mér sýnist þat happaráð hit mesta; þykki mér ok miklu varða, at eigi sé óvirt þetta mál ok mín tillög, eðr seint svarat“. Gunnarr mælti: „eigi er ek einhlitr um svør þessa máls, ok vil ek ráðast um við móður hennar, ok svá við dóttur mína, ok einkum við Þórð gelli frænda hennar; enn góðar einar fréttir höfum vér til þessa manns, ok svá til föður hans; ok er þetta ásjámál“. Þá svarar Trefill; „svá skaltu til ætla, at vér munum eigi lengi vonbiðlar vera konunnar; ok þykkjumst vér eigi minnr sjá fyrir þinni sœmd

enn vorri; þykki mér ok kynligt um svá vitran mann sem þú ert, at þú virðir slíka hluti fyrir þér, svá vel sem boðið er; höfum vér ok svá at eins heiman gørt ferð vára, at eigi mun til einkis ætlat; ok mun ek, Hersteinn, veita þér slíkt lið sem þú vilt, at þetta fari fram, ef hann kann eigi at sjá hvað honum sómir“. Gunnarr svarar; „þat fæ ek eigi skilit, hvi þér látit svá brátt at þessu eðr haldit við heitan sjálfa, því at mér list þetta mjök jafnræði, enn einkis illsvænti ek fyrir yðr, ok mun ek þat ráð upptaka, at rétta fram hendina“. Ok svá gørir hann. Enn Hersteinn nefnir sér vátta ok fastnar sér konu. Eftir þetta standa þeir upp ok ganga inn; er þeim veittr beini góðr. Nú spyr Gunnarr tíðinda. Þórkell segir, at þeir hafi nú eigi annat nýligar frétt enn brennu Blund-Ketils. Gunnarr spurði, hverr því velli? Þórkell segir, at Þórvaldr Oddsson var upphafsmaðr at, ok Arngrímr goði. Gunnarr svaraði fá, lastaði litt, enda lofaði eigi.

12. Þegar um morgininn í ár er Gunnarr á fótum, ok gengr at Þórkeli ok bað þá klæðast. Þeir gøra svá; ganga síðan til snœðings; eru þá ok búnir hestar þeira, ok stiga þeir á bak, riðr Gunnarr fyrir inn með firðinum; þá váru íslög mikil. Eigi létta þeir fyrr enn þeir koma í Hvamm til Þórðar gellis, ok fagnar hann þeim vel ok spurði tíðinda. Þeir sögðu slíkt er þeim

líkaði. Gunnarr heimtir Þórð á mál, ok segir at þar er í för Hersteinn, son Blund-Ketils, ok Þórkell trefill; „er þat erindi þeira, at Hersteinn mælir til mægða við mik, enn til samfara við Þuríði dóttur mína; eður hversu ráðligt list þér þat? Maðr er vænn ok gerviligr; hann skortir ok eigi fé, þviat faðir hans hefir þat mælt, at hann mundi af hendi láta búit, enn Hersteinn tæki við“. Þórðr svarar: „vel er mér við Blund-Ketil, þviat einn tíma er vit Tungu-Oddr deildum á alþingi um þrælsgjöld, er dæmdust á hendr honum, ok fór ek at heimta í foraðs-illu veðri, ok vér þrír saman, ok komum um nótt til Blund-Ketils, ok var oss þar allvel fagnat, ok þar várum vér viku. Hann skifti við oss hestum, enn gaf mér góð stóðhross. Slikt reynda ek af honum, enn þó list mér svá á, at eigi muni því misráðit, þó at eigi sé þessu keypt“. „Svá máttu til ætla“, sagði Gunnarr, „at eigi mun hon föstnuð ððrum manni, þó at henni bjóðist, þviat mér list sjá maðr vaskligr, ok vel boðinn, ok mikil hættu í, hversu til tekst, ef þessum manni er frá visat“. Eftir þat gengr Gunnarr til fundar við dóttur sína, þviat hon var með Þórði á fóstri, ok fréttir hana eftir, hversu henni var um gefit. Hon svarar, at eigi er henni svo mikil manngirnd í hug, at henni þætti eigi jafngott at sitja heima; „þviat ek á kost góðrar forsjá, þar sem Þórðr er frændi minn; enn ykkarn vilja mun ek göra



um þetta ok annat“, Nú elr Gunnarr á málit við Þórð, ok segir, at honum list þetta ráð allsæmiligt. Þórðr svarar: „hví skaltu eigi gefa honum dóttur þína, ef þér likar?“. Gunnarr svarar: „því at eins gef ek hana, at þat sé jafn vel þinn vili sem minn“. Þórðr kvað beggja þeira ráð þetta vera skyldu. „Ek vil“, sagði Gunnarr, „at þú, Þórðr, fastnir Hersteini konuna“. Þórðr svarar: „sjálfr skaltu þat gøra, at fastna dóttur þína“. Gunnarr svarar: „mér þykkir meiri virðing í, at þú fastnir hana, þvíat þat samir betr“. Þórðr lét nú þetta leiðast, ok fóru nú festar fram. Þá mælti Gunnarr: „biðr ek enn, at þú látir hér vera boðit í Hvammi, ok mun þá gørt verða með mestri sæmd“. Þórðr bað hann þvi ok ráða, ef honum þætti svá betr. Gunnarr segir: „svá munu vér til ætla, at vér látim þegar vera á viku fresti“. Eftir þat stiga þeir á bak ok snúa á ferð, ok vikr Þórðr á götu með þeim, ok spurði enn, ef nökkut væri nýtt at segja. Gunnarr svarar: „ekki höfum vér nú nýlegar frétt enn brennu Blund-Ketils bónda“. Þórðr spurði, hversu þat varð. Enn Gunnarr sagði allan atburðinn um brennuna, ok hverr henni olli, ok svá hverir þat gørðu. Þórðr mælti: „eigi mundi þessu gjaforði svá skjótt ráðit hafa verit, ef ek hefða þetta vitat, ok þykkist þér nú allmjök hafa komist fyrir mik í viti ok beittan brögðum í þessu; enn þó þykki mér

eigi víst, at þér sétt yðr einhlítir at þessu máli“. Gunnarr mælti: „þar er gott til trausts at ætla sem þú ert, enda er þér nú skylt at veita mági þínum, enn vér erum skyldir at veita þér, því at margir heyrðu, at þú fastnaðir konuna, ok þetta var allt við þitt ráð gørt, ok er nú vel, at þér reynit eitt sinn, hverr yðarr drjúgastr er höfðingjanna, þvíat þér hafið lengi úlfsmunni af etist“.

13. Nú skilja þeir, ok er Þórðr hinn reiðasti, ok þykkir honum þeir hafa gabbat sik. Enn þeir riða nú fyrst á Gunnarsstaði, ok þykkjast allvel leikit hafa, at þeir höfðu komit Þórði í málit með sér, ok vóru nú allkátir. Eigi riða þeir nú suðr at sinni, enn bjóða mönnum til boðs, ok sækja í Hvamm at ákveðnum tíma. Hafði Þórðr þar margt fyrir boðsmanna ok skipar mönnum í sæti um kveldit; sat hann sjálfr á annan bekk, ok Gunnarr mágr hans ok hans menn, enn Þórkell trefill hjá brúðguma á annan bekk, ok þeira boðsmenn; brúðir skipuðu pall. Ok svá sem borð váru sett ok allir menn í sæti komnir, þá stökk Hersteinn brúðgumi fram yfir borðit, ok gengr þar at sem einn steinn stóð. Hann steig öðrum fœti upp á steininn ok mælti: „Þess strengi ek heit“, sagði hann, „at áðr alþingi er úti í sumar, skal ek hafa fullsektað Arngrím goða, eðr sjálfðæmi ella“. Síðan stigr hann í sæti sitt. Gunnarr

stökk þá fram ok mælti; „Þess strengi ek heit“, sagði hann, „at áðr alþingi er úti í sumar skal ek hafa sótt til útlegðar Þórvald Oddsson eðr hafa sjálfðæmi ella“. Upp stigr hann undir borð ok mælti til Þórðar: „hví sitr þú, Þórðr, ok mælir ekki um? Vitum vér at slíkt er þér í hug sem oss“. Þórðr svarar: „kyrrt mun þat at sinni“. Gunnarr svarar: „ef þú vilt, at vér talim fyrir þik, þá er þat til reiðu; enn vitum vér, at þú ætlar þér Tungu-Odd“. Þórðr mælti: „þér skulut ráða yðrum ummælum, enn ek mun því ráða, hvat ek tala; endit þetta vel sem þér hafit um mælt“. Eigi varð til nýlundu fleira at boðinu, enn þó fór þat allsköruliga fram, ok er þat þraut, fór hverr sem fyrir lá, ok liðr vetrinn af hendi. Ok er vorar safna þeir at sér mönnum, ok fara suðr til Borgarfjarðar, ok koma í Norðrtungu ok stefna Arngrimi til þings í Þingnes ok Hænsa-Þóri. Nú skilst Hersteinn frá liðinu með þrem tígum manna þangat sem hann sagði hinn síðasta náttstað verit hafa Þórvalds Oddssonar, því at hann var þá farinn af vist sinni. Nú er ókyrrt í héraðinu, ok mikil umræða ok samandráttr liðs af hvárratveggju hendi.

14. Þat varð til tíðinda, at Hænsa-Þórir hvarf burt ór héraðinu við tólfta mann, þegar hann spurði, hverir í málit váru komnir, ok fréttist alls ekki til hans. Oddr safnar nú liði um.

dalina, Reykjardal hvárutveggja ok Skorradal, ok um allar sveitir fyrir sunnan Hvitá, ok þó hafði hann margt ór öðrum sveitum. Arngrímr goði safnaði mönnum um Þverárhlíð ok Norðrárdal at sumum hluta. Þórkell trefill safnaði mönnum hit neðra um Mýrar ok Stafholtstungur, ok suma Norðrdæla hefir hann með sér, þviat Helgi bróðir hans bjó í Hvammi, ok hefir hann hann með sér. Nú safnar Þórðr gellir liði vestan, ok hefir eigi margt lið. Hittast nú þessir allir, er í váru málinu, ok hafa alls tvau hundruð manna. Ríða nú ofan fyrir útan Norðrá, ok yfir á at Eyja(r)vaði, fyrir ofan Stafholt, ok ætla yfir Hvitá þar sem heitir Þrælastraumr. Þá sjá þeir mannaferð mikla fyrir sunnan ána; er þar Tungu-Oddr ok hafði nær fjögur hundruð manna. Greiða nú ferðina ok vilja fyrr koma til vaðsins. Hittast nú við ána, ok hlaupa þeir Oddr af baki ok verja vaðit; enn þeim Þórði gengr ógreitt framreiðin, ok vildu þó gjarna komast á þingit; slær nú í bardaga ok verða þegar áverkar; fellu fjórir menn af Þórði. Þar féll Þórólfr refr, bróðir Alfs ór Dölum, virðuligr maðr, ok hverfa nú frá við svá búit. Einn maðr fell af Oddi, enn þrir urðu mjök sárir. Þórðr snýr nú málinu til alþingis. Þeir ríða nú heim vestr, ok þykkir mönnum mjök hallast hafa metorð Vestanmanna. Nú ríðr Oddr á þingit. Hann sendi heim þræla sína með hross. Jór-

unn kona hans spurði tíðinda, er þeir komu heim. Þeir kváðust engin segja kunna önnur enn þau, at sá maðr var einn kominn vestan ór Breiðafirði, at svara kunni Tungu-Oddi, ok var hans hljómr ok rödd sem griðungr gelldi. Hon kvað þat engi tíðindi, þótt honum væri svarat sem öðrum manni, enn kvað þat þó hafa gørst at tíðindum, at eigi væri líkligra til. „Var þar ok bardagi“, sögðu þeir, „ok fellu fimn menn alls, enn margir urðu sárir“. Enn áðr gátu þeir þess at engu. Nú liðr þingit, ok verðr þar ekki til tíðinda. Enn er þeir mágar koma heim vestr, skifta þeir bústöðum, ferr Gunnarr í Örnólfsdal, enn Hersteinn tekr Gunnarsstaði. Eftir þetta lætr Gunnarr færa til sín vestan við þann allan, sem Örn austmaðr hafði átt, ok flytja heim í Örnólfsdal. Tekr hann til síðan ok húsar upp bæinn í annat sinn, þvíat Gunnarr var allra manna hogastr; hann var ok um allt atgervismaðr, ok manna best vigr ok hinn vaskasti í öllu.

15. Nú liða stundir fram allt til þess at menn riða til þings; er nú mikill viðbúnaðr í héruðunum; riða nú hváirtveggju ákafa fjölmennir. Ok er þeir Þórðr gellir koma á Gunnarsstaði, er Hersteinn sjúkr, ok má eigi fara til þings; selr hann nú öðrum í hendr sakirnar. Eftir váru hjá honum þrír tigr manna. Nú riðr Þórðr til þings. Hann safnar at sér vin-

um sínum ok frændum, ok kemr snemma til þings; enn þingit var þá undir Ármannsfelli; ok svá sem flokkar koma hefir Þórðr liðsdrátt mikinn. Nú er sén ferð Tungu-Odds. Ríðr Þórðr þá í mót honum ok vill eigi at hann nái þinghelgiinni. Oddr ríðr með þrjú hundruð manna. Þeir Þórðr verja þingit, ok slær þá þegar í bardaga; tekst brátt mannfall, enn allmargir urðu sárir. Þar fellu sex menn af Oddi, þvíat Þórðr var miklu fjölmennari. Þetta sjá góðgjarnir menn, at þau vandræði mundu af standa, ef þingheimrinn berðist, at seint mundi bætr biða. Er þá gengit í milli ok verða skildir, ok snúit málum til sættar, ok var Oddr ofrliði borinn, ok varð undan at láta, fyrir því at bæði var, at hann þótti þyngra málahlut eiga at flytja, enda varð hann aflvani fyrir liðs sakir. Var þá þat mælt, at Oddr mundi tjalda á brottu ór þinghelgi, enn ganga til dóma ok at nauðsynjum sínum, fara með sik spakliga, sýna ónga þrjósku né hans menn. Sitja menn nú yfir málum ok reyna at sætta þá. [Þórðr gellir talaði þá langa tölu ok snjalla at lögbergi, ok tjáði þat, hversu illa mönnum gegndi þat, at fara í ókunnig þing at sækja um víg eðr harma sína at reka, ok sagði nú, hversu mikit honum varð fyrir, áðr hann gat þessu máli til skila komit ok kvað mörgum manni mein mundu at verða þessu vandræði, ef eigi væri bætr á ráðnar; fyrir því, sagði hann, at hér til hafa þat lög verit, at sakir skal sækja á því þingi, er næst er veffanginu; enn

Þá er landinu var skift í fjórðunga, var svá skipat, at þrjú váru þing í fjórðungi hverjum, nema í Norðlendinga-fjórðungi váru fjögur, ok því svá, at þeir urðu eigi á annat sáttir; þeir er váru fyrir norðan Eyjafjörð vildu eigi þangat sækja þing, enda eigi í Skagafjörð, þeir er fyrir vestan váru; enn þó skyldi jöfn dómnefna á alþingi ór þeira fjórðungi sem ór einhverjum öðrum. Af því skal einn maðr þaðan sitja fyrir forráðsgodorð, at þeir goðar vildu allir setit hafa. Enn síðan váru sett fjórðungsþing. Svá sagði mér Úlfhédinn Gunnarsson]. Nú er setit at málunum, ok horfir Oddi þungliga fyrir þat mest at mikit ofrefli var í móti.

16. Enn nú skal segja nökkut af Hersteini, at honum létti brátt sóttarinnar, er þeir riðu til þingsins; ferr hann þá í Örnólfsdal. Þat var einn morgin snemma, at hann var í smiðju, því at hann var manna hagrastr á járn. Þá kemr þar bóndi einn, sá er Örnólfr hét, ok sagði svá: „sjúk er kýr min“, sagði hann, „ok bið ek þik, Hersteinn, at þú farir at sjá hana; þykkir oss nú gott at þú ert aftr kominn, ok höfum vér þá nökkut svá iðgjöld föður þíns, er oss varð at mestu gagni“. Hersteinn svarar: „eigi hirði ek um kú þína ok kann ek eigi at sjá, hvat henni er til meins“. Bóndi svarar: „mikill er þó munr, at faðir þinn gaf mér kúna, enn þú vilt eigi sjá hana“. Hersteinn svarar: „ek gef þér aðra kú, ef þessi deyr“. Bóndi svarar: „þat vil ek fyrst þiggja, at þú sjáir þessa“. Hersteinn sprettr þá upp ok verðr hermt við, ok gengr út ok bóndinn með honum; snúa síðan í veg til skógar; liggir þar

ein sneiðigata ok skógrinn á tvær hendr. Ok er Hersteinn ferr klifgötuna, nemr hann staðar; hann var allra manna skygnstr. Hann mælti þá: „kom þar fram skjöldr í skóginum“. Bóndi þagði. Hersteinn mælti: „hefir þú svikit mik, hundrinn þinn? Nú ef þú ert í nökkurum særum at leyna, þá leggst þú niðr í götuna ok tala ekki orð; enn ef þú gørir eigi þetta, þá mun ek drepa þik“. Bóndinn leggst þá niðr; enn Hersteinn snýr heim ok kallar á menn sína. Þeir taka vápn sín ok fara síðan í skóginn, ok finna Örnólf í götunni. Þeir biðja hann fara með sér þangat, sem mælt var, at þeir skyldu finnast. Nú fara þeir þar til er þeir koma í eitt rjóðr. Þá mælti Hersteinn til Örnólfs; „eigi vil ek skylda þik til at tala, enn far nú sem fyrir þik var lagit“. Bóndi hleypr þá upp á hól einn ok blistrar hátt. Síðan hlaupa þar fram tólf menn, ok var þar Hænsa-Þórir fyrir flokki, enn þeir Hersteinn taka þessa menn höndum ok drepa. Höggr Hersteinn sjálfr höfuð af Þóri ok hefir með sér. Ríða nú síðan suðr til þings ok segja þar þessi tíðindi. Verðr Hersteinn ágætr mjök af þessu verki ok fær af virðing mikla, sem von var at. Nú er setit yfir málum manna, ok verða þær málalyktir, at Arngrímr goði verðr sekr fullri sekt, ok allir þeir, er at brennunni váru, nema Þórvaldr Oddsson; hann skyldi vera útan þrjá vetr ok eiga þá útkvæmt; gefit var fé fyrir



hann ok svo til farningar öðrum mönnum. Þórvaldr fór utan um sumarit, ok var leiddr upp á Skotland ok þjáðr þar. Nú eftir þetta var slitit þinginu, ok þykkir mönnum Þórðr vel ok sköruliga hafa fylgt þessum málum. Arngrímr goði fór ok útan um sumarit, ok er þat eigi ákveðit, hversu mikit fé goldit var; lýkr á þá leið þessum málum. Riða menn síðan heim af þingi, enn þeir fara utan sem mælt var, er sekir vóru.

17. Gunnarr Hlífason sitr nú í Örnólfsdal ok hefir húsat vel; hann hafði selför ok var mannfátt heima. Jófriðr, dóttir Gunnars, átti sér tjald úti, þvíat henni þótti þat ódaufligra. Einn dag berr svá til, at Þóroddr, son Tungu-Odds, riðr í Þverárhlið. Hann kemr at Örnólfsdal um farinn veg, ok gengr inn í tjaldit til Jófriðar. Hon heilsar honum vel. Hann sest niðr hjá henni, ok taka þau tal sín á milli, ok í því kemr sveinn frá selinu ok biðr Jófriði at taka ofan klyfjar með sér. Þóroddr ferr til ok tekr ofan klyfjarnar, enn sveinninn ferr síðan á brott ok kemr til sels. Gunnarr spyr, hví honum yrði nú svo fljótt. Hann svarar öngu. Gunnarr spurði: „sáttu nökkut til tíðinda?“ „Alls ekki“, kvað sveinninn. „Nei“, sagði Gunnarr, „þannig ertu í bragði, sem nökkut hafi þér fyrir augu borit, þat sem þér þykkir umræðu vert, ok seg mér ef svá er; eðr er nökkut manna komit til bæjarins?“ „Øngan sá ek kominn“, sagði sveinninn.

„Þú munt nú segja verða“, sagði Gunnarr, ok tók sviga einn mikinn, ok ætlar at berja piltinn með; ekki fékk hann af honum heldr enn áðr. Eftir þat fékk Gunnarr sér hest, ok hleypr á bak, ok riðr skyndiliga ofan til vetrhúsa með hliðirni. Jófriðr getr at lita ferð föður síns ok sagði Þóroddi, ok biðr hann riða brott; „vilda ek gjarna“, sagði hon, „at eigi hlytist illt af mér“. Þóroddr segist munu bráðlega riða. Gunnar berr fljótt at ok hleypr af baki; gengr þegar inn í tjaldit. Þóroddr heilsar honum vel; enn Gunnarr tók kveðju hans ok spurði síðan, hví hann væri þar kominn. Þóroddr sagði, at svá bar til um ferðir hans: „ok vil ek þó eigi göra þetta til fjandskapar við þik; enn vita vil ek, hverju þú vilt svara mér, ef ek bið Jófriðar dóttur þinnar“, segir hann. Gunnarr svarar: „eigi mun ek gifta þér dóttur mína við þessa meðferðina; hefir nú ok í odda staðist með oss um hrið“. Síðan reið Þóroddr heim.

18. Þat var einn dag, at Oddr segir, at eigi mundi illa fallit, at hafa nökkurar landsnytjar af Örnólfsdal, „þar er aðrir menn hafa sest á eigu minar at röngu“. Konur sögðu þat til liggja, „gørist fé harðla nytlétt, ok mun þá miklu betr mjólka ef svá er breytt“. „Þá skal þangat fénu halda“, sagði Oddr, „þvíat þar eru hagar góðir“. Þá sagði Þóroddr: „ek mun bjóðast til at fylgja fénu ok mun þá óágengilgra þykkja“. Oddr seg-

ist þat gjarna vilja. Ok fara þeir nú með fénu; ok er þeir eru langt komnir, segir Þóroddr, at þeir skulu þangat halda fénu, at þeir fá versta haga, ok skermsl eru mest. Nú liðr nóttin af hendi, ok reka þeir heim féit um morgininn; ok er konur hafa mjólkat, þá kveða þær aldri jafnilla nýst hafa sem þá, ok er þessa eigi oftast freistat. Liða nú svá stundir fram.

19. Þat var einn morgin snemma, at Oddr kemr at máli við Þórodd son sinn; „þú skalt fara“, segir hann, „ofan í sveit ok safna mönnum, ok vil ek nú reka inenn af eignum várum, enn Torfi skal fara upp um Hálsa, ok gøra þeim í kunnleika um þenna fund; vér skulum hittast við Steinsvað“. Þeir gøra nú svá; safna þeir liði; fá þeir Þóroddr níu tigi manna: riða síðan til vaðsins. Þeir Þóroddr koma fyrri til vaðsins. Hann biðr þá riða fyrir; „enn ek vil biða föður míns“, segir hann. Ok er þeir koma at garði í Örnólfsdal, er Gunnarr at gøra hlass. Nú ræðir sveinn um, er var með Gunnari: „menn fara at bænum eigi allfáir saman“. „Já“, sagði Gunnarr, „svá er þat“, ok gengr heim til bæjarins, ok tók boga, þviat hann skaut allra manna best af honum, ok er þar helst til jafnat, er var Gunnarr at Hliðarenda. Hann hafði þá húsat vel bæinn; enn gluggur var á útihurðinni, sváat maðr mátti rétta út höfuð sitt. Hann stóð við hurðina með bogann. Nú kemr Þóroddr at bæn-

um, ok gengr at durum við fá menn, ok spyrr ef Gunnarr vill nökkura sætt bjóða. Hann svarar: „ek veit eigi, at ek eiga nökkut at bæta; enn hitt væntir mik, áðr þér fáit mitt vald, at griðkonur mínar muni stungit hafa nökkura þína félaga svefnþorni áðr ek hníga í gras“. Þóroddr svarar: „satt er þat, at þú ert afbragð flestra manna, þeira sem nú eru uppi; enn þó má koma svá margt lið í móti þér, at þú fáir eigi móti staðit, þviat faðir minn riðr at garði með mikit lið, ok ætlar at drepa þik“. Gunnarr svarar: „vel er þat; enn þat munda ek vilja, at ek hefða mann fyrir mik áðr ek hníga at velli; enn eigi gruna ek þat, þótt faðir þinn haldi litt sættirnar“. „Hina leið er“, sagði Þóroddr, „at vér viljum gjarna sættast, ok rétt nú fram höndina með góðum vilja þínum, ok gift mér Jófriði dóttur þína“. Gunnarr svarar: „eigi kúgar þú dóttur mína af mér; enn eigi væri þat fjarri jafnaði boðit sakir þín, þviat þú ert góðr drengur“. Þóroddr svarar: „eigi mun þat svá virt af góðgjörnum mönnum, ok kann ek mikla þökk fyrir, at þú takir þenna kost með þeim máldögum, sem því hæfir“. Ok nú við umtölur vina sinna, ok annat þat, at honum þótti Þóroddr jafnan vel farit hafa með sínu máli, þá verðr þat af, at Gunnarr réttir fram höndina, ok lúka svá þessu máli.

20. Nú í þessu kemr Oddr í tún, ok snýr Þóroddr þegar í mót föður sínum, ok spyrr, hvat

hann ætlar. Hann kveðst ætla at brenna bæinn ok svá mennina. Þóroddr svarar: „á aðra leið er nú komit málinu, ok eru vit Gunnarr nú sáttir“, ok segir nú allt hve komit er. „Heyr hér á endemi“, segir Oddr, „væri þér þá verra, at eiga konuna, þótt Gunnarr væri drepinn áðr, er mestr var várr mótstöðumaðr? ok höfum vér illt at verki at hefja þik“. Þóroddr svarar ok mælti: „við mik skaltu nú fyrst berjast, ef eigi kemr öðru við“. Ganga menn nú í milli ok sætta þá feðga. Urðu þær málalyktir, at Jófriðr er gefin Þóroddi, ok líkar Oddi stórilla. Fara nú heim við svá búit. Eftir þat sitja menn at boði, ok unir Þóroddr allvel sínu ráði. Ok at vetri afliðnum ferr Þóroddr útan, þviat hann hafði spurt, at Þórvaldr bróðir hans var í höftum, ok vildi leysa hann með fé. Hann kemr til Noregs ok kom eigi út síðan, ok hvárgi þeira bræðra. — Oddr tók nú at eldast mjök; ok er hann spurði þat, at hvárgi sona hans mundi til koma, tók hann sótt mikla, ok er at honum tók at þrængva, mælti hann við vini sína, at þeir mundi flytja hann upp á Skáneyjarfjall, þá er hann væri dauðr, ok kvaðst hann þaðan vildu sjá yfir tunguna alla; ok svá var gørt. Enn Jófriðr Gunnarsdóttir var síðan gefin Þórsteini Egilssyni at Borg, ok var hinn mesti kvenskörungr. Ok lýkr þar Hænsa-Þórissögu.

---

## Nöfn.

**Akranes=Nes.**

Alþingi 9, 24, 28, 30, 32.

Arngrímur goði Helgason 1,  
3, 9, 11, 13—17, 23, 26,  
—27, 32.

Austmenn 4.

Álfr ór Dölum 28.

Ármannsfell 30.

**Blund-Ketill Geirsson** 1—2,  
4—17, 20, 22—25.

Blund-Ketilsbrenna 23, 25,

Blundsvatn 2.

Borg 38.

Borgarfjörður 1, 3, 27.

Breiðabólstaði Reykjardal  
1, 18.

Breiðabólstaður annarr 2.

Breiðafjörður 29.

**Dalir=Breiðafjarðardalir**  
28.

**Einmánuður** 7.

Esjuberg 1.

Eyjafjörður 31.

Eyja(r)vað á Norðrá 28.

**Fitjar** í Noregi 1.

**Geirr** auðgi Ketilsson 2.

Geirshlíð, bær í Borgarfirði 2.

Góí (mánuður) 7.

Gunnarr (Hámundarson)  
at Hlíðarenda 35.

Gunnarr Hlifarson 20—27,  
29, 33—38.

Gunnarsstaðir (bær á Skóg-  
arströnd) 20, 26, 29.

Gunnvaldr Rauða-Bjarnar-  
son 2.

**Hálsar** (í Borgarfirði) 35.

Helga Óláfsdóttir feilans 21.

Helga Þorgeirsdóttir 2.

Helgavatn (Vatn) bær 3.

Helgi Arngrímsson goða 1,  
3, 8—9, 11—12, 16—17.

Helgi Högnason 1.

Helgi Rauða-Bjarnarson 2,  
28.

Hersteinn Blund-Ketilsson  
2, 4—5, 17—20, 22—27,  
29, 31—32.

Hlíðarendi, bær í Fljótshlíð  
35.

Hlíð=Pverárhlíð.

Hrómundr Þórisson (land-  
námsmaður) 1.

- Hvammr, bær í Hvammsveit 23, 26.
- Hvammr, bær í Norðrárdal 2, 28.
- Hvítá, fljót í Borgarfirði 28.
- Hænsa-Þórir 2—3, 8—17, 32, 35.
- Hænsa-Þóris saga 35.
- Höfn, nú bær í Borgarfirði 5.
- Högni (Halldórsson) 1.
- Jófríðr Gunnarsdóttir 21, 33—34, 36—28.
- Jófríðr Tungu-Oddsóttir 1.
- Jórunn (Helgadóttir) 1, 28.
- K**etill=Blund-Ketill.
- Ketill blundr, landnámsmaðr 2.
- Lögberg 30.
- Misgöng 4. [Þetta orð er mjög sjaldhæft í fornritum, og er ritað missöng; nú er það löngu úrelt. Það þýðir sama sem vér nú köllum 'stórstreymi' eða 'stórstraumur', þ. e. þá er fult var tungl, hét það: 'misgöng hin meiri', enn með nýju tungli: 'misgöng hin minni'.
- Mýrar, hérað í Borgarfirði 28.
- Nes=Akranes 4.
- Norðlendingafjórðungur 31.
- Norðrá, fljót í Mýrasýslu 2, 28.
- Norðrdælar 28.
- Norðrtunga, bær Arngrímsoða 1—3, 11—13, 27.
- Oddr=Tungu-Oddr.
- Rauða Björn landn.m. 2.
- Reykjardalur (nyrðri) 46.
- Reykjardalur (syðri) 1, 46.
- Skagafjörðr 31.
- Skáneyjarfjall 37.
- Skeggi Þórisson 1.
- Skorradalur 28.
- Skotland 33.
- Skógarströnd 20.
- Stafholt, bær í Borgarfirði 28.
- Stafholtstungur 19, 28.
- Steinsvað á Hvítá 35.
- Svignaskarð, bær 2, 19.
- Torfi Valbrandsson 1, 35.
- Trefill=Porkell trefill.
- Tungan, í Reykjardal 38.
- Tungu-Oddr Önundarson 1. 3—6, 9—10, 12—13, 18, 24, 27—35, 37.

<b>Ulfarr Úlfsson 1.</b>	<b>Þórkell trefill Rauða-Bjarnarson 2, 19—24, 26.</b>
<b>Úlfhéðinn Gunnarsson 31.</b>	<b>Þóroddr Tungu-Oddsson 1, 33—37.</b>
<b>Úlfr Skeggjason á Fitjum=Úlfr Fitjumskeggi Þórisson (í Landnámu) 1.</b>	<b>Þórólfr refr Eysteinnsson 28.</b>
<b>Valbrandr Valþjófsson 1.</b>	<b>Þórsteinn Egilsson 38.</b>
<b>Valþjófr gamli Örylgsson 1.</b>	<b>Þórvaldr Tungu-Oddsson 1, 12—17, 23, 27, 33, 37.</b>
<b>Vatn=Helgavatn.</b>	<b>Prælastraur, í Hvítá 28.</b>
<b>Vestanmenn 28.</b>	<b>Þuriðr Gunnarsdóttir 21.</b>
<b>Viðfari, flækingr 12, 15.</b>	<b>Þuriðr Tungu-Oddsdóttir 1.</b>
<b>Viðimýrr, bær í Skagafirði 2.</b>	<b>Þverárhlið, hérað 6, 15, 28.</b>
	<b>Þverhliðingar 19.</b>
<b>Þingnes 27.</b>	<b>Þunndr breiðskeggr 1.</b>
<b>Þorri (mánuðr) 6.</b>	<b>Örn austm. 3—5, 16, 19, 29.</b>
<b>Þorbjörn stígandi 17—20.</b>	<b>Örnólfr bóndi 31—32.</b>
<b>Þórðr gellir 21—30.</b>	<b>Örnólfsdalr, bær Blund-Ketils 2, 17—18, 29, 31, 33—37.</b>
<b>Þórgeirr á Viðimýri 2.</b>	<b>Örlygr gamli Hrapsson 1.</b>
<b>Þórir blamandi 1.</b>	
<b>Þórir=Høensa-Þórir.</b>	
<b>Þórkell Gunnvaldsson 2.</b>	

---

**NB.** Benedikt Sveinsson hefir séð um þessa útgáfu sögunnar.





jarn-

on 1.

on 28.

3.

son 1.

37.

tá 28.

21.

ttir 1.

15, 28.

1.

6, 19,

2.

d-Ket-

9, 31,

sson 1.

útgáfu









UNIVERSITY OF ILLINOIS-URBANA



3 0112 114873984

